

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 6. nóvember 1963, nr. 82.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 18. nóvember 1963, nr. 83.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 3. desember 1963, nr. 84.

Lög um Lífeyrissjóð barnakennara, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 85.

Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1963, nr. 86.

Nr. 209.

27. desember.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 9. des. 1963 og innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b) Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c) Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 210.

31. október.

AUGLÝSING

um umferð í Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar hafa eftirfarandi reglur verið settar um umferð í Akureyrarkaupstað samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958 og hafa viðeigandi merki samkvæmt reglugerð frá 24. marz 1959 verið sett.

I. Gatnamót, er njóta aðalbrautarréttar:

1. Umferð um Eyjafjarðarbraut nýtur forréttar fyrir umferð frá flugvallar-afleggjara.
2. Umferð úr Skipagötu nýtur forréttar fyrir umferð frá höfninni.
3. Umferð um Glerárgötu og Norðurgötu nýtur forréttar fyrir umferð um Gránu-félagsgötu.